



Námsáætlun

FATA1st05 vorönn 2021

Kennari: Íris Bjarnadóttir

Lýsing:

Nemendur læra að vinna með stærðartöflur, grunnsnið og sniðútfærslur. Lögð er áhersla á saumtækni með ýmsum gerðum af profusaumi og læsi á vinnulýsingar í texta og myndum. Farið er sérstaklega í notkun á saumavélum, overlockvélum og straujárn. Unnið er með samspilið á milli tískuteikninga, flatra vinnuteikninga og sniðútfærslna í minni hlutföllum og yfirfærslu í fullar stærðir. Kennd er tenging sniða og efna varðandi teygjanleg og fastofin efni. Nemendur læra að mæla efnismagn fyrir flíkur út frá sniðum og notkun á flíselíni, tvinnagerðum og öðru tilleggi varðandi saumaskap og frágang. Saumaðar eru 1-2 flíkur og lögð áhersla á mátun og leiðréttingu sniða. Nemendur tileinka sér skipulagt vinnuferli og vandaðan frágang.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- uppbyggingu grunnsniða
- heiti sniðhluta, þráðréttu og mikilvægi saumamerkinga á sniðum
- einföldum og flóknum sniðútfærslum í stöðluðum stærðum
- notkun grunnsniða til að útfæra einfaldar flíkur
- vinnulýsingum í texta og myndum
- flötum vinnuteikningum við vinnslu á sniðum
- saumtækni með profusaumi s.s rennilásur og vösum
- samspili efna og útfærslu sniða
- aðferðum til að ákvarða efnismagn í flíkur út frá sniðum
- vönduðum vinnubrögðum

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna ýmsar sniðútfærslur út frá grunnsniðum í stöðluðum stærðum í minni hlutföllum
- nota heiti sniðhluta markvisst og nota saumamerkingar á sniðum
- útfæra og sauma flíkur eftir eigin málum
- nýta sér vinnulýsingar í texta og myndum við profusaum
- koma hugmyndum af flíkum á blað
- ákvarða samspil efnis og útfærslu sniða
- ákvarða efnismagn sem þarf í flík út frá sniðum
- vanda vinnubrögð við alla þætti vinnuferlisins

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna sjálfstætt einfaldar sniðútfærslur út frá grunnsniðum sem er metið með verkefnum
- sauma einfaldar flíkur eftir eigin sniðútfærslum sem er metið með verkefnum
- vinna eftir vinnulýsingum í máli og í myndum sem er metið með verkefnum
- sjálfstætt ákvarða efnismagn og tillegg sem þarf í flík samkvæmt sniðum og vinnulýsingum sem er metið með verkefnum
- vanda vinnubrögð við alla þætti vinnuferilsins frá hugmynd að tilbúinni flík sem er metið með verkefnum



Kennslugögn:

Fagbækur um sniðagerð. Vinnulýsingar við saumtækni prufur. Ljósrit frá kennara.

Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01.24.-26. feb.	Kynning á verkefnum áfangans. Máltaka Grunnsnið af buxum	Nemendur hjálpast að við að taka mál hvert af öðru og kennari fer yfir málin.	
02. 1.-5. mars	Grunnsnið af buxum í eigin stærð með útreikningum	Grunnsnið tilbúið í eigin stærð.	
03. 08-12. mars	Stuttbuxnaprufugerð - saumtækni	Nemandi gerir stuttbuxur með streng, buxnaklauf, hliðarvasa, rassvasa..... og notar snið í eigin stærð.	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	Stuttbuxnaprufugerð		Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars	Stuttbuxnaprufugerð	Skila	Miðannarmat
29. mars-6. apríl			Páskafrí
06. 07.-09. apríl	Drapering kynnt	Farið yfir helstu atriði draperingar	Miðannarmat
07. 12.-16. apríl	Drapering	Skila	
08. 19.-23. apríl	Buxnaverkefni - lokaverkefni	Skissuvinna, tæknilegar teikningar, vinnuteikningar og tiskuteikningar	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	Buxnaverkefni - lokaverkefni		Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí	Buxnaverkefni - lokaverkefni		
11. 10.-14. maí	Buxnaverkefni - lokaverkefni		Uppstigningardagur 13. maí
12. 17.-18. maí	Buxnaverkefni – lokaverkefni Frágangur	Skila lokaverkefni, ferilmöppu og skissubók	

Kennari áskilur sér rétt til að gera breytingar á Námsáætlun.

Námsmat:

25% - Stuttbuxnaprufugerð

10% - Drapering

30% - Buxnaverkefni - lokaverkefni

15% - Ástundun og vinnulag

10% - Ferilmappa og skissubók

Áfanginn er símatsáfangi þar sem vinna nemenda er metin jafnt og þétt.

Mæting er höfuðatriði í þessum áfanga, ef nemandi missir úr tíma verður hann að vinna það upp sjálfur. Verkefnin verða sett jafnt og þétt á INNU.

Það sem horft er til við námsmat er m.a:

Áhugi á verkefnum og frumkvæði.

Áræðni í verkefnavali og skipulagning vinnu.



Sniðagerð: að farið sé að tilmælum og verkefni rétt og snyrtilega unninn.
Saumaverkefni rétt og snyrtilega unninn.

Ferilmappa (A4 harðspjaldamappa) sé vel upp sett og öll verkefni séu rétt þannig að hún gagnist sem uppláttarbók við áframhaldandi vinnu/nám við hönnun.

87% Raunmæting

Nemandi getur unnið upp veikindafjarvistir með því að mæta í tvö opin verkstæði ef raunmæting nær 75%.

Ein veikindafjarvist er felld niður á móti einni kennslustund á opnum verkstæðum sem geta verið samtals 8 kennslustundir.

Ef þessum skilyrðum er ekki náð er nemandi fallinn í áfanganum.

Ef 87% raunmætingu er hins vegar fullnægt þarf nemandi að ná einkunninni 4,5 til að ná áfanganum.